

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F156/2024

Reykjavík, 29. nóvember 2024

Útlendingastofnun  
Dalvegi 18  
201 Kópavogi

Umboðsmanni Alþingis hafa nýlega borist ábendingar sem lúta að breyttri framkvæmd hjá Útlendingastofnun í kjölfar breytinga á lögum nr. 80/2016, um útlendinga, með breytingalögum nr. 68/2024. Af ábendingunum verður ráðið að þær lúti einkum að breyttri framkvæmd í kjölfar breytinga á 73. og 74. gr. laga nr. 80/2016 með fyrrgreindum breytingalögum, en í ákvæðunum er annars vegar fjallað um dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar og hins vegar dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Hafa ábendingarnar m.a. lotið að því að við nýlega afgreiðslu Útlendingastofnunar á umsóknum um endurnýjun tímabundins dvalarleyfis og umsóknum um ótímabundið dvalarleyfi hafi lögum verið beitt með afturvirkum hætti. Þá séu dæmi um að umsækjendur hafi ekki fengið ákvörðun í máli sínu birta með viðeigandi hætti auk þess sem Útlendingastofnun hafi ekki gætt að leiðbeiningarskyldu sinni, þ. á. m. að því er snýr að kærurétti umsækjenda til æðra stjórnvalds. Stofnunin hafi þó greint frá því nýlega að til staði að afturkalla ákvarðanir um synjun dvalarleyfis sem teknar hefðu verið á undanförunum vikum.

Áður en umboðsmaður tekur afstöðu til þess hvort tilefni sé til frekari athugunar á grundvelli framangreindra ábendinga er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Útlendingastofnun veiti upplýsingar um hvernig framkvæmd sé almennt háttað við afgreiðslu dvalarleyfisumsókna á framangreindum grundvelli, þar á meðal við afgreiðslu umsókna um endurnýjun slíkra leyfa og umsókna um ótímabundið dvalarleyfi. Sérstaklega er óskað eftir því að gerð sé grein fyrir mögulegum breytingum sem hafi orðið á framkvæmdinni í kjölfar þess að lög nr. 68/2024 tóku gildi. Er þá sérstaklega haft í huga hvort breytingar á framkvæmd stofnunarinnar við afgreiðslu tilvitnaðra mála hafi falið í sér að hún hafi frumkvæði að því að

endurskoða tímabundin dvalarleyfi áður en gildistími þeirra er liðinn. Loks er óskað upplýsinga um hvort komið hafi til þess að ákvarðanir um synjun dvalarleyfis hafi verið afturkallaðar nýlega, og ef svo er á hvaða grundvelli það hafi verið gert.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist umboðsmanni Alþingis eigi síðar en 17. desember nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir  
Skrifstofustjóri frumkvæðismála  
og OPCAT